

Jöklabreytingar 1930–1970, 1970–1995, 1995–2020 og 2020–2021

Hrafnhildur Hannesdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík; hh@vedur.is

<https://doi.org/10.33799/jokull2022.72.071o>

YFIRLIT — Sjálfboðaliðar félagsins fóru til sporðamælinga á haustmánuðum 2021. Alls bárust upplýsingar frá rúmlega 30 sporðamælistöðum. Langflestir sporðar hupa og er hörfunin mest á Tungnaárjökli og austanverðum Skeiðarárjökli þar sem hluti af sporðunum hefur losnað frá og hafa þeir hvor um sig styst um 400 m þar sem mælilínan liggur. Sporðlónin framan jöklanna valda erfiðleikum við mælingar eins og undanfarin ár.

ATHUGASEMDIR OG VIÐAUKAR

Langflestir mældir sporðar hörfa og er hörfunin víðast hvar nokkrir tugir metra, en áfram er mesta hopið á stóru skriðjökklum Vatnajökuls, um 400 m stytting hefur orðið á bæði Skeiðarárjökli og Tungnaárjökli. Samkvæmt sporðamælingu með fjarlægðarkíki virðist Morsárjökull ganga fram milli ára og framgangur mælist einnig í hluta Kvíárjökuls. Jaðarlónin fram- an við marga skriðjökla fara sífellt stækkandi og gera sporðamælingafólki erfið fyrir vegna þess að aðgengi verður verra. Við þessar aðstæður geta einnig orðið óreglulegar breytingar á stöðu jökulsins, ótengdar loftslagi. Sporðarnir brotna upp og ísjakar fljóta um, sem getur villt um fyrir sporðamælingafólki, einnig er þekkt að sporðar fari hálfpartinn á flot og teygji sig fram sem flöt jökultunga. Svo bætist það við að ónákvæmni getur gætt þegar mældir eru skítugir urðar- klæddir jökulsporðar með fjarlægðarkíkinum.

Nemendur Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu sem mælt hafa Heinabergsjökul undir handleiðslu Eyjólf Guðmundssonar frá árinu 1991, og síðar með aðstoð Hjördísar Skírnisdóttur og Snævarrs Guðmundssonar, hafa nú látið af mælingum. Aðstæður til mælinga eru erfiðar, sökum þess að jökullinn er að brotna upp og lónið stækkar sem því nemur. Við þökkum þeim fyrir þeirra framlag og vonumst til þess að geta haldið áfram þessu samstarfi og eins að gefa nemendum tækifæri til þess að spreyta sig í jökla- mælingum.



Ástvaldur Guðmundsson og Garðar Briem sporðamælingamenn við Tungnaárjökul. – *Ástvaldur Guðmundsson and Garðar Briem measuring the terminus of Tungnaárjökull.* Ljósmynd: Sverrir Hilmarrson, 11. nóvember, 2021.

Félagið þakkar Ingu Kaldal og Skúla Víkingssyni fyrir framlag þeirra til sporðamælinga, en þau hafa nú látið af ferðum sínum inn að Sléttjökli í norðanverðum Mýrdalsjökli, sem þau hafa farið frá árinu 2001. Síðustu ár hefur aðgengi að sporðunum þar sem mælilín-

an liggur verið erfitt sökum breytinga í afrennsli frá jöklinum. Endurskoða þarf hvernig þessum mælingum verður best við komið í framhaldinu. Ljóst er að talsverð endurnýjun er framundan í hópi sporðamælingamanna og víst að fjarkönnun verði beitt í ríkara mæli við að áætla stöðu jökulsporða þar sem aðgengi er hvað verst.

Nú má nálgast allar sporðamælingar félagsins á jöklavefsjóni (islenskirjoklar.is) þar er einnig yfirlit yfir alla þá sem sinnt hafa sporðamælingum frá upphafi. Ljósmyndir úr sporðamælingaferðum er að finna á sérstakri undirsíðu jöklavefsjárinnar og hvetjum við sporðamælingamenn og aðra til þess að senda okkur ljósmyndir á spodar@vedur.is.

Snæfellsjökull

Hyrningsjökull og Jökulháls – Að þessu sinni tókst að greina jökuljaðarinn á Hyrningsjökli.

Drangajökull

Kaldalónsjökull – Þórður Halldórsson bóndi í Laugarholti tók við mælingunum á Kaldalónsjökli haustið 2021. Hann fór inn að jökli um miðjan nóvember og þá var ljóst að miklir vatnavextir höfðu verið í Kaldalóni, stór rofsár í bökkum og áin búin að flæmast um undirlendið (sjá mynd á bls. 75).

Reykjarfjarðarjökull – Ragnar Heiðar Þrastarson fór ásamt systkinum Þresti og Erlu Jóhannesarbornum til mælinga á Reykjarfjarðarjökli í september. Þau flugu frá Ísafirði í lítilli sex manna vél, gengu frá sumarhúsunum fyrir veturinn, sporðamældu Reykjarfjarðarjökul og gengu svo yfir jökulinn í Kaldalón. Ljósmyndari og blaðamaður á vegum 66°Norður fylgdu þeim að þessu sinni. Lesa má nánar um ferðina á:

<https://www.66north.com/nordur/reykjarfjordur-drangajokull>.

Leirufjarðarjökull – Mæling var gerð á Leirufjarðarjökli í byrjun september og hörfar hann um 50 m milli ára eins og síðustu ár.

Norðurlandsjökull

Bægisárjökull – Snjór var yfir sporði Bægisárjökuls þegar stefnt var að mælingu.

Deildardalsjökull – Sporður Deildardalsjökuls var mældur um miðjan september og er jökuljaðarinn greinilegur (sjá mynd á bls. 75).

Gljúfurárjökull – Sporðurinn var mældur samhliða göngum í Sveinsstaðarétt að vanda. Allur vetrarsnjór var löngu horfinn eftir hlýtt sumar og jökullinn hörfað um 40 m.

Tungnahrygg sjökull – Þórhildur Halla Jónsdóttir og þrír fylgdarmenn mældu sporð Tungnahrygg sjökuls í blíðskaparveðri.



Þröstur og Erla Jóhannesarborn á Kaldalónsjökli. – *Þröstur Jóhannesson and Erla Jóhannesdóttir on Kaldalónsjökull after measuring Reykjarfjarðarjökull. An overview of their trip across the Drangajökull glacier is at: <https://www.66north.com/isl-nordur/reykjarfjordur-drangajokull> Ljósmyndari: Ragnar Heiðar Þrastarson, 18. september, 2021.*

Langjökull

Kirkjujökull – Nokkuð hafði snjóað þegar mælingarmenn mættu á svæðið og fennt yfir sprungu og svelgi. Einnig hafði rigningarmagn sem hafði safnast í lægðum og á sléttunni framan við jökulinn frosið og myndað mikil svellalög. Þessar aðstæður gerðu það að verkum að erfitt var að greina jökuljaðarinn.

Geitlandsjökull – Jökullinn hörfar hvert ár upp hlíðina. Svæðið framan jökulsins er ófært vegna bleytu, því hefur ekki verið hægt að setja nýtt merki, nær jökli. Ljóst er að þessi vegalengd er heldur mikil fyrir fjarlægðarmælinn í roki eins og gjarnan er nú þarna.

Hagafellsjökull – Mælinn við Eystri-Hagafellsjökul liggur í gegnum totu, sem gæti útskýrt fremur lítið hop miðað við síðustu 10 ár. Ekki var gerð mæling á Vestari Hagafellsjökli.

Höfsjökull

Nauthagajökull og Múlajökull – Ekki var fært inn að þessum jöklum þegar sporðamælingamenn héldu til mælinga.

Sátujökull – Breyting á Sátujökli við Lambahraun reyndist bara vera um 6 m hörfun á tveimur árum.

Mýrdalsjökull

Sólheimajökull – Sporðurinn áætlaður með fjarlægðarkíki og er breytingin á milli ára er ekki mikil, hins vegar hefur hann hækkað aðeins við sporðinn.

Sléttjökull – Hörfun Sléttjökuls á síðastliðnum fjórum árum var metin út frá gervitunglamyndum, Pleiades mynd frá 2021 og Sentinel-2 mynd frá 2017.

Suðurlandsjökullar

Torfajökull – Norður og suðursporður Torfajökuls voru mældir og hörfunin upp a marga tugi metra.

Tindfjallajökull – Mælingin var framkvæmd um miðjan október og var jökuljaðarinn sums staðar óljós vegna snjóá. Jökullinn hefur hopað töluvert, sporðurinn þynnst og dauðisinn í kring rýnað mjög mikið.



Stíka við jaðar Eystri-Botnárjökuls sem gengur til suðausturs úr Tindfjallajökli. – *Stake at the edge of Eystri- Botnárjökull in southeastern Tindfjallajökull.* Ljósmynd: Albert Þorbergsson, 10. október, 2021.

Vatnajökull

Skeiðarárjökull vestur – Erfitt hefur verið að komast að vesturjaðri jökulsins um nokkurt skeið. Breytingin frá 2014 var metin með samanburði á Landsat mynd frá 2014 og Sentinel-2 gervihnattamyndum. Jökullinn hefur á vestari mælilínunni hörfað um tæpan km.

Skeiðarárjökull austur – Mikið af dauðis hefur brotnað frá jöklinum. Hop jökulsins hefur ekki mælst meira frá því að mælingar hófust árið 2000. Lónið fyrir framan jökulinn hefur stækkað mikið á milli ára.

Morsárjökull – Farið var ríðandi inn í Morsárdal til mælinga. Jökullinn lækkar vestan megin en er töluvert hærra austan megin vegna skriðunnar frá 2004.

Skaftafellsjökull – Staða sporðsins var mæld með fjarlægðarkíki yfir lónið. Þegar horft er til jökulsins nú virðast hann alltaf vera að lækka þótt lögunin virðist vera sú sama.



Ragnar Frank, Freyja dóttir hans og Árni Stefán á leið til sporðamælinga á Morsárjökli. – *Ragnar Frank Kristjánsson, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen and Árni Stefán Haldorsen on their way to measure the terminus of Morsárjökull.* Ljósmynd: Íris Ragnarsdóttir Pedersen, 11. sept., 2021.

Öræfajökull

Svínafellsjökull – „Útlitið á jökuljaðrinum er lítið breytt frá síðustu mælingu í lok árs 2020 og lega jaðarsins er mjög svipuð því sem var þá. Jaðarinn er ennþá nokkuð hár eftir framskrið síðasta árs en mælingin gefur að mögulega hafi verið örlítið hop þetta árið en það nemur þá aðeins fáeinum metrum og spurning hvort það sé marktækt“.

Falljökull – „Jaðarinn er mjög brattur og hár austan til og þegar mælingin fór fram var hlýtt og talsverð leysing þannig að mikið af mól og sandi var á skriði niður jaðarinn. Því var ekki gengið meðfram jaðrinum heldur nokkrir stakir punktar teknir. Vestasti punkturinn sem er mældur er staðsettur þar sem jöklagöngufólk leggur á jökulinn og þar er jöklutungan hrein og meira aflíðandi”.

Kvíárjökull – Hörfun mælist á tveimur mælinum við Kvíárjökul, en örlitill framgangur á þeirri nyrstu samkvæmt áætlun Snævars Guðmundssonar út frá Landsat 8 myndum.

Fjallsjökull – Hörfun mælist á öllum þremur mælinum Fjallsjökuls.

Vatnajökull

Skálafellsjökull – Með samanburði á gervihnattamyndum var dregin upp breytingin á stöðu sporðsins og eingungis hörfað um 50 m frá árinu 2014.

Breiðamerkurjökull – Snævarr Guðmundsson hefur dregið upp stöðu Breiðamerkurjökuls af Landsat 8 gervitunglamyndum. Á austanverðum jöklinum er hörfunin um 200 m en sá hluti hans hefur hörfað að

meðaltali um rúmlega 100 m/ári síðan 2010.

Fláajökull – Mæling Fláajökuls var erfiðari en síðastliðin ár vegna fjarlægðarsjónauka með minni drægni.

Lambatungnajökull – var mældur með GPS-tæki, en meirihluti sporðsins er dauðis.

Kverkjökull – Landverðir í Kverkfjöllum eru búnir að staðsetja tvær nýjar mælinu við Kverkjökul, sitt hvoru megin við fellið Lykla-Pétur.

Glacier variations 1930–1970, 1970–1995, 1995–2017 and 2017–2018

The Icelandic Glaciological Society received reports on glacier front variations from approximately 30 measurement sites, in the autumn of 2021. Glacier retreat was observed at most of the sites, and the maximum retreat was approximately 400 m on Tungnaárjökull and Skeiðarárjökull, where large blocks of dead ice broke off. As in recent years, proglacial lakes make terminus measurements rather difficult at many locations, and the precision of the estimated frontal change on flat lobes, where icebergs are breaking off into the lakes, may be poor.



Landverðir í Kverkfjöllum hafa tekið að sér sporðamælingu á Kverkjökli. Nú hefur jökullinn hörfað talsvert og sporðurinn skiptist um lítið fell sem hefur fengið nafnið Lykla-Pétur. Skilgreindar hafa verið nýjar mælinur sitt hvoru megin við fellið. – *Rangers in Kverkfjöll have recently taken the responsibility for terminus measurements of Kverkjökull. The glacier has retreated considerably, and a mountain has emerged close to the snout, thus two new sites for the measurements, on each side of the mountain have been defined.* Ljósmynd: Þorgerður María Þorbjarnardóttir, 11. ágúst, 2021.



Kaldalónsjökull í fjarska. Ummerki um að áin hefði flæmist um dalinn voru áberandi þegar Þórður Halldórsson fór í sína fyrstu vitjun inn að Kaldalónsjökli, en hann hefur tekið við mælingunum af Viðari Má Matthíassyni. – *Kaldalónsjökull in the distance. Evidence of a flood in the river was prominent when Þórður Halldórsson farmer at Laugaholt surveyed the terminus position of the outlet glacier for the first time. Þórður has taken over the measurements from Viðar Már Matthíasson.* Ljósmynd: Þórður Halldórsson, 18. nóvember, 2021.



Deildardalsjökull upp af Seljadal á Tröllaskaga hefur hörfað um tæpa 40 m síðan mælingar á honum hófust árið 2007. – *Deildardalsjökull in Tröllaskagi has retreated by 40 m since the measurements started in 2007.* Ljósmynd: Skafti Brynjólfsson, 14. september, 2021.

Jöklabreytingar/*Glacier variations* 1930–1970, 1970–1995, 1995–2020 og/and 2020–2021.

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2020	2020– 2021	Mælingamaður/-kona Observer
Snæfellsjökull					
Hyrningsjökull	'31–1041	+288	–373	–50	Hallsteinn Haraldsson
Jökulháls	'34–753' ⁵⁷	sn	'99–292' ¹⁴	–12' ¹⁷	Hallsteinn Haraldsson
Drangajökull					
Kaldalónsjökull»	'31–630' ⁶⁶	'66–857	+268	'19–85	Þórður Halldórsson
Reykjarfjarðarjökull»	'31–1295' ⁶⁹	'69–692	–25	–57	Ragnar Heiðar Þrastarson
Leirufjarðarjökull»	'31–130	–584	+532	'19–101	Ásgeir Sólbergsson
Norðurlandsjökullar					
Deildardalsjökull»	–	–	'07–27	'19–10	Skafti Brynjólfsson
Búrfellsjökull»	–	–	'04–52	–	Sveinn Brynjólfsson
Búrfellsjökull-2»	–	–	'04–45	–	Sveinn Brynjólfsson
Gljúfurárjökull	'39–312	+49	–214	–40	Árni Hjartarson
Bægisárjökull	'39–101' ⁵⁷	'67–100' ⁷⁷	'94–91' ¹⁹	–	Karl Stefánsson
Tungnahryggsjökull	'39–182' ⁵⁸	–	'58–71	–19	Þórhildur Halla Jónsdóttir
Grímslandsjökull	–	–	'94–9' ¹⁰	sn	Sigurður Bjarklind
Langjökull					
Upp af Geitlandi	–	–	'02–687	–62	Bjarni Kristinsson
Hagafellsjökull vestari»	'34–2121	+820' ⁹³	'93–1785	–	Gunnar Sigurðsson
Hagafellsjökull eystri»	'29–3534	+1364' ⁹³	'93–1709	–38	Einar Ragnar Sigurðsson
Kirkjujökull	–	–	'97–679	–31	Benedikt Þ. Gröndal
Jökulkrókur	'33–945	–64' ⁹⁷	'97–580	–	Kristjana G. Eypórsdóttir
Þórisjökull					
Kaldidalsjökull, austurtunga/norður1	–	–	–' ¹⁸ –37	–	Guðbjörn Margeirsson
Kaldidalsjökull, vesturtunga/norður2	–	–	–' ¹⁸ –15	–	Guðbjörn Margeirsson
Hofsjökull					
Blágnjúpjökull	'32–177' ⁴¹	–	'97–949	–	Páll Gíslason
Nauthagajökull	'32–576	–8	–534	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, vestur»	'37–236	+48	–727	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, suðvestur»	–	'93–76	–714	–	Leifur Jónsson
Múlajökull, suður»	'32–840	+339	–836	–	Leifur Jónsson
Sátujökull í Lambahrauni	'50–210' ⁵⁹	'59–193' ⁹⁷	'97–525	–6	Valgeir Steinn Kárason
Sátujökull við Eyfirðingahóla	–	'83–350' ⁹⁶	'96–719	–	Valgeir Steinn Kárason
Eyjafjalla- og Mýrdalsjökull					
Sólheimajökull, vesturtunga	–951	+469	–1380	–10	Einar Gunnlaugsson
Kötlujökull	–	–	'93–313' ¹⁴	–	–
Öldufellsjökull»	'61–125	–47' ⁹⁶	'96–1308' ¹³	–	Jóhannes Gissurarson
Sléttjökull»	–	–	'01–967' ¹⁷	'17–150 ^f	–

Jökull Glacier	1930– 1970	1970– 1995	1995– 2020	2020– 2021	Mælingamaður/-kona Observer
Torfajökull					
Norðurjaðar	–	–	'06–280	–59	Ágúst Hálfðánsón
Suðurjaðar	–	–	'06–372	'19–33	Ágúst Hálfðánsón
Tindfjallajökull					
Austurtunga	–	–	'17–54	'19–30	Albert Þorbergsson
Vatnajökull					
Tungnárjökull»	'55–1314	–470	–1410	–410	Sverrir Hilmarsson
Síðujökull, staður 2»	'64–351'73	'73+38	–1906	'19–187 ^f	Hlynur S. Pálsson
Skeiðarárjökull, vestur»	'32–2403	+383	–1716' ¹⁴	'14–948 ^f	Hannes Jónsson
Skeiðarárjökull, miðja»	–	'90+715' ⁹⁶	'96–988' ⁰⁸	–	Hannes Jónsson
Skeiðarárj. austur I»	'50–304	+97	–997	–112	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur III	'32–913	+63	–411	–30	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur IV	'32–746	–59	–613	–399	Ragnar F. Kristjánsson
Morsárjökull, staður 1	'32–1303	+92	–780	12	Ragnar F. Kristjánsson
Skaptafellsj. staðir 2 og 3	'32–1236	–40	–940	'19–80	Svava Björk Þorlákssdóttir
Öræfajökull					
Svínafellsjökull, staður 2	'32–403	+3	–175	–4	Svava Björk Þorlákssdóttir
Falljökull	'57–70	+122	–670	–10	Svava Björk Þorlákssdóttir
Kvíárjökull-A*	'34–526	+16	'11 127	8 ^f	Snævarr Guðmundsson
Kvíárjökull-C*	–	–	'11–582	–60 ^f	Snævarr Guðmundsson
Hrútarjökull	'47–262	+60	–534	–	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Gamlasel	'33–1044	–161	–674	–13 ^f	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Fitjar	'35–590	–115	–1075	–23 ^f	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, við Breiðamerkurfjall	'51–61	–72	'14–54	–10 ^f	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Breiðam.fjall	'33–1400	–572	–1094	–28 ^f	Snævarr Guðmundsson
Vatnajökull					
Breiðamerkurj. inn af Nýgræðum	'32–1787	–1045	–1707	–78 ^f	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Fellsfjall	'36–971	–767	'93–2344	–91 ^f	Snævarr Guðmundsson
Brókarjökull	'35–633	+227' ⁹⁴ '94	–1113	–	Bergur Pálsson
Skálafellsjökull	–1349' ⁶⁸	'68–62	'95–255' ¹⁴	'14–51 ^f	–
Heinabergsjökull, við Hafrafell	–1302' ⁶⁷	'67–508	–159	–	Eyjólfur Guðmundsson
Heinabergsjökull, við Geitakinn	–1333' ⁶⁵	'65–128	–1106' ¹⁵	–	Eyjólfur Guðmundsson
Fláajökull, vestan Hólmsár	–879	–8' ⁸⁴	'10–356	–42	Bergur Pálsson
Fláajökull, austur 1	–1353	–36' ⁹⁴	'94–956	–67	Bergur Pálsson
Lambatungnajökull	–	–	'08–487	–53	Bergur Pálsson
Kverkjökull	'63–56' ⁷¹	'71–18' ⁹³	'93–151' ¹⁵	–	Þorgerður María Þorbjarnardóttir
Rjúpnabrekkujökull	–	–	'98–637	–	Smári Sigurðsson

+ framrás/advance, –hop/retreat, — ekki mælt/no measurement

–X merkir að jökull er rýrnandi en fjarlægð óviss – retreat but distance unknown

+X merkir að jökull gangi fram en fjarlægð óviss – advance but distance unknown

sn merkir að eitthvað hindri mælingu (snjór, lón eða þ.u.l.) – measurement prevented

» táknar framhlaupsjökul – surge-type glacier

f merkir að fjarkönnunargögn notist við að skilgreina sporðabreytinguna – measurements from remote sensing data

*nýrri mælinu við syðri hluta Kvíárjökuls hefur verið bætt við – new terminus line defined for the southern part of Kvíárjökull



Ærfjall var umlukið Hrútárjökli og Fjallsjökli þegar efri myndin var tekin, seint á þriðja áratug 20. aldar. Antafjallstindur rís hæst hægra megin, þar fyrir neðan sést í rætur Eyðnatinds í Breiðamerkurfjalli og Hrútá er í forgrunni. Björn Pálsson bóndi á Kvískerjum hóf sporðamælingar á Fjallsjökli frá svipuðum slóðum árið 1935, en jökullinn hefur hörfað um 2 km frá þeim tíma. Hestur Helga Arasonar beið rólegur á áreyrinni, á meðan myndin var tekin. – *Mt. Ærfjall was surrounded by the Hrútárjökull and Fjallsjökull outlet glaciers when the top photo was captured, in the late 1930's. Mt. Antafjallstindur is the highest peak to the right, and further right is the foothill of Mt. Eyðnatindur located in the multi-peaked Mt. Breiðamerkurfjall. The late Björn Pálsson, of Kvísker Farm, started terminus measurements of Fjallsjökull from this location in 1935; since then the glacier has retreated by approximately 2 km. Helgi Arason's horse waited patiently at the sandbank while the photograph was taken.* Ljósmynd: Helgi Arason, 1938; Hrafnhildur Hannesdóttir 2. júní 2022.



Breiðá er fyrsti skáli Jöklarannsóknafélagsins, reistur árið 1951 og var notaður sem bækistöð í tengslum við ferðir upp Breiðamerkurjökul. Þá runnu Hrutárjökull og Fjallsjökull enn saman framan við Ærfjall (fyrir miðri mynd), og gerðu reyndar fram til 2005. Miðaftanstindur í Breiðamerkurfjalli rís hæstur hægra megin. Jökulgarðarnir sem Breiðá stendur framan við mynduðust á árabílinu 1870–1909. – *Breiðá is the Glaciological society's oldest hut, serving as a base camp for expeditions up to Breiðamerkurjökull. Hrutárjökull and Fjallsjökull still merged in front of Ærfjall (in the centre) at that time and remained so until 2005. Mt. Miðaftanstindur in Breiðamerkurfjalli is the highest peak to the right. The moraines surrounding the hut developed gradually between 1870–1909.* Ljósmynd: Valur Jóhannesson 21. júlí 1975; Hrafnhildur Hannesdóttir 2. júní 2022.



Þegar mælingamenn voru á ferð við Sátujökul í lok júlí var múgur og margmenni á jökulsporðinum, fjórhjóla- og jeppaumferð.– *The crowded dark-coloured glacier terminus, when volunteers were measuring the position of Sátujökull.* Ljósmynd./Photo: Valgeir Steinn Kárason, 31. júlí, 2021.



Skaftafellsjökull hefur hörfað um 1100 m frá því um aldamótin 2000 en það ár kom sporðlónið í ljós framan jökuls. Það er í dag tæplega 2 km² að stærð. – *Skaftafellsjökull has retreated about 1100 m since 2000, when the proglacial lake appeared. The lake is 2 km² in size today.* Ljósmynd./Photo: Svava Björk Þorláksdóttir, 22. október, 2021.